

Alþingi - skrifstofa  
Helga Þórisdóttir  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28. 02. 2003  
R-03055/5260  
APB/amh

**Efni: Umsögn frá Rannsóknánámsjóði um frumvarp til laga um styrktarsjóð  
námsmanna Þskj. 58 — 58. mál**

**Almennt**

Stjórn Rannsóknánámsjóðs fagnar fram komnu frumvarpi og telur mjög jákvætt að stjórnvöld vilji styrkja með þessum hætti efnilega nemendur til náms í framhaldsskóla. Með tilliti til notkunar orðsins framhaldsnám í daglegu tali um skólamál, telur stjórnin nauðsynlegt að framhaldsskólalagtakið sé útskýrt greinilega þannig að skýrt sé að ekki er átt við framhaldsnám eftir fyrstu háskólagráðu.

**2. gr.**

Stjórnin Rannsóknánámsjóðs telur sjö manna stjórn of fjölmenna og telur að starf stjórnar geti orðið of þunglamalegt af þeim sökum. Þriggja manna stjórn teljum við heppilegt fyrirkomulag. Vel má hugsa sér að stjórn sjóðsins leiti eftir umsögn þeirra aðila sem nefndir eru í frumvarpinu, sem ekki tækju sæti í fámennari stjórn, þegar hún setur sér starfs- og úthlutunarreglur. Æskilegt gæti verið að fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla ætti sæti í stjórn sjóðsins. Þá er það skoðun okkar að menntamálaráðherra skipi formann.

**4. gr.**


Stjórn Rannsóknánámsjóðs telur jákvætt að þeim sem leggur til fé í sjóðinn, öðrum en ríkissjóði, sé heimilt að binda framlag sitt skilyrðum, s.s. til ákveðins náms eða náms við ákveðna stofnun eins og fram kemur í greinargerð.

**6. gr.**

Í frumvarpinu segir að eigi síðar en í júlí ár hvert skuli styrkir auglýstir til umsóknar fyrir komandi skólaár. Stjórn Rannsóknánámsjóðs telur nauðsynlegt að styrkir séu auglýstir á skólatíma en mælir með að sneitt sé hjá prófatið ef mögulegt er. Að sumarlagi eru nemendur við störf víða um land og jafnvel erlendis og meiri hætta er á að slík auglýsing fari framhjá þeim ef auglýst er utan skólatíma. Einnig gæti þeim reynst nauðsynlegt að afla gagna viðvíkjandi umsókn í skóla sínum sem að líkindum er lokaður vegna sumarleyfa einhvern hluta sumars. Einnig gæti hugsast að umsækjendur vilji leita eftir aðstoð við gerð umsókna hjá námsráðgjafa skólans eða kennurum sínum. Því er nauðsynlegt að vanda vel til vals þegar tímasetning auglýsingar og umsóknarfrestur um styrki er ákveðinn.

Gert á fundi stjórnar Rannsóknánámsjóðs þann 20. febrúar 2003.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar

  
Anna Þóra Baldursdóttir  
formaður